

Reglur um notkun sorphláta úr plasti

Algennt er að sorphlát sveitarfélaga séu úr plasti. Sorphlát þessi eru 240 lítra, 13 - 17 kg að þyngd, gerð úr polyethylen og eru búin tveimur hjólum og loki.

Mannvirkjastofnun hefur látið brenna nokkur þessara nýju sorphláta í tilraunaskyni til að kanna hvernig þau brenna og til að meta nauðsynlegar fjarlægðir þeirra frá húsum en alloft hefur orðið tjón á húsum út frá brunum í þannig sorphlátum. Lítil munur kom í ljós á brunaeiginleikum einstakra gerða fláta sem brennd voru en þó brunnu léttari flátin fyrr en hin þyngri.

Um sorphgeymslur gilda ákvæði gr. 84 í byggingarreglugerð nr. 441/1998. Þar segir m.a. að gerð sorphláta sé háð samþykki heilbrigðisnefndar. Ef óskað er eftir að nota sorphlát úr plasti skal miða við eftirfarandi reglur sem taka mið af niðurstöðum ofangreindra prófana:

1. Þegar um er að ræða eitt eða tvö sorphlát skulu þau standa a.m.k. 3 m frá timburvegg en a.m.k. 2 m frá járnklæddum vegg eða vegg með yfirborð í flokki 1, og þau mega standa upp við vegg á steinhúsi. Fjarlægðin skal þó aldrei vera minni en 3 m miðað við stystu láréttu fjarlægð í glugga eða timburþakskegg en 5 m sé mælt lóðrétt.
2. Séu sorphlátin 3 eða fleiri skal miða við ofangreindar fjarlægðir að viðbættum 2 m.
3. Séu sorphlátin fleiri en 10 skal hafa þau í óbrennanlegum E30-skýlum sem opnast frá húsinu, mest 10 í hverju skýli. Sama gildir verði ofangreindum fjarlægðarreglum ekki viðkomið enda þótt sorphlátin séu færri.
4. Bannað er að nota sorphlát úr plasti innandyra, nema í sorphgeymslum sem byggðar eru í samræmi við ofangreind ákvæði byggingarreglugerðar.